



Ásgeir Jónsson,  
hagfræðingur.

# UM FRAMÞRÓUN ÍSLENSKA BANKAKERFISINS

Það er ekki ofmælt að bylting hafi átt sér stað í bankaviðskiptum á síðustu árum. Þessa byltingu má merkja með því að skoða aukningu útlána eða eigin fjár bankakerfisins, en þessar magnstærðir segja þó aðeins hálfra söguna um þær breytingar sem hafa átt sér stað. Íslenskur banki nú til dags er einfaldlega allt önnur stofnun en hann var fyrir 10 árum. Bankakerfið er nú í auknum mæli orðið vettvangur fyrir háskólamenntaða sérfræðinga á ýmsum sviðum og býður upp á mjög fjölbreytta fjármálaþjónustu bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Það er fremur auðvelt að benda á þá þætti sem gerðu þessa byltingu mögulega. Hún átti sér stað eftir að bankarnir fengu loksins athafnarými með vaxtafrelsi eftir 1985, frelsi í fjármagnsflutningum milli landa eftir árið 1995, með tilkomu nútímalegs millibankamarkaðar með krónur og gjaldreyri árið 1998 og síðan einkavæðingu bankakerfisins sem átti sér stað í þrepum á árunum 1998–2003. Sú spurning er hins vegar mun torræðari hvort þessi þróun hafi verið fyrir-sjáanleg – um leið og frelsið var fengið – og hvort hægt sé að sjá fyrir næstu skref í þróun íslenska bankakerfisins.

Staðreyndin er sú að þær eignir sem skipta um hendur á fjármálamörkuðum eru yfirleitt fremur einsleitir eftir löndum þegar miðað er við skilmála og eiginleika þótt ávöxtun og verðbreytileiki geti verið mismunandi. Fjármálakerfi og fjármálastofnanir eru aftur á móti misleitir eftir löndum og munurinn ræðst að miklu leyti af tilviljunum sögunnar. Samt sem áður hafa erlendir fræðimenn þótt sjá sameiginlegan þróunarferil bankaviðskipta í iðnvæddum ríkjum. Ljóst er ennfremur að bankaviðskipti hérlendis hafa gengið í gegnum sömu þróunarstig og þekktist erlendis; Íslendingar hafa aðeins verið seinni til en nágrennar þeirra. Í þessari grein verður þess freistað að setja þróun íslenskra bankaviðskipta í samband við þróun samsvarandi viðskipta erlendis. Markmiðið er tvíþætt. Annars vegar að reyna að átta sig á hvaða áhrif einstaka atburðir í bankasögunni hafa haft á þróun efnahagsmála hérlendis, svo sem tilkoma Íslandsbanka árið 1904 og gjaldþrot þess sama banka árið 1930. Hins vegar að velja upp nokkrum hugmyndum um hvað sé framundan í íslensku bankakerfi. Því að þrátt fyrir allt hafa íslensk bankaviðskipti ekki náð jafnlangt á þróunarbrautinni og t.d. þau bresku og ef saga annarra þjóða er að

einhverju leyti fordæmi má finna í henni ákveðnar vísbendingar um bankarekstur hérlendis á næstu árum.

## ÞRÓUNARSTIG BANKAVIÐSKIPTA

Flest bankakerfi hafa þó fylgt ákveðnu þróunarferli sem lengst er komið í Bretlandi – enda er London fjármálahöfuðborg heimsins. Þróunarferlið hefur verið sett fram í sex stigum, sjá Dow (1999) eða Chick (1986). Við hvert stig eykst hagkvæmni fjármagnsviðskipta og aukinn ábati kemur fram í efnahagslífinu. Stigin eru eftirfarandi:

### 1. Bein fjármálaleg milliganga

Þetta eru fjármagnsviðskipti í sinni einföldustu mynd þar sem bankar eða einstaka auðmenn lána út sinn eigin sparnað og sjá sjálfir um að finna skuldunauta og innheimta greiðslur. Einhverjir slíkir lánveitendur eru til staðar í nær öllum menningarsamfélögum, óháð því hversu þróað hagkerfið er. Lánaviðskiptin eiga sér oft stað í góðbundnum bankaskilningi getur ekki átt sér stað við þessar aðstæður þar sem lánardrottnar taka ekki við innlánnum heldur eru bundnir því að lána út eigin sparnað. Af þeim sökum er enginn peningamargfaldari til staðar ( $M_0=M_1=M_2=M_3$ ) og lánaviðskiptin takmarkast því af myntsláttu ríkisins eða framboði á góðmálum. Lánveitingar eru yfirleitt fremur smáar í sniðum og til fremur skamms tíma, til þess að tryggja áhættudreifingu.

### 2. Bankainnstæður notaðar sem gjaldmiðill

Næsta stig bankaviðskipta er líklega það sem flestir hafa í huga er þeir hugsa um hlutverk banka sem stofnana sem taka við innlánnum fólks og lána aftur út sem langtímalán fyrir fjárfesta. Samkvæmt Diamond & Dybvig (1983) gegna innlánsstofnanir því hlutverki að veita seljanleikatryggingu (liquidity insurance) sem gerir fólki kleift að nota eignir sínar til neyslu hvenær sem er. Það er við þessar aðstæður

sem peningamargfaldarinn verður virkur og fjármálakerfið getur vaxið með víxlverkun innlána og útlána. Bankakerfið hefur milli-göngu á milli þeirra sem spara og þeirra sem fjárfesta og tengir efnahagslífið saman í einu greiðsluneti. Þetta stig bankaviðskipta er forsenda fyrir nútímavæðingu hagkerfisins – kapítalískum framleiðsluháttum.

### 3. Tilkoma millibankamarkaðar

Eftir að viðskiptabankar hafa vaxið og myndað fjármagnskerfi er yfirleitt næsta skref að mynda millibankamarkað þar sem stunduð er heildsala á fjármagni, en bankarnir sjá sér sameiginlegan hag í því að lækka lausafjárahættu hver annars með skammtímalánnum. Þetta leiðir til mun meiri hagkvæmni og skilvirkari verðmyndunar í bankarekstri þar sem bankarnir komast af með minna lausafé og geta einnig komið fjármunum sínum í skammtímageymslu. Slík heildsala með lausafé á millibankamörkuðum er einnig forsenda fyrir virkum eignamörkuðum og að Seðlabankinn geti haft áhrif á skammtíma- vexti með markaðsaðgerðum.

### 4. Tilkoma lánveitanda til þrautavara

Allir bankar eiga við óbrúaðan tímavanda (maturity mismatch) að etja á milli eigna og skulda. Skuldarnar – innlánin – eru til skamms tíma og laus til útborgunar hvenær sem er. Eignimar – útlánin – eru til lengri tíma og lítt seljanlegar. Lausafjárforði bankanna er yfirleitt aðeins brot af heildarskuldbindingum. Bankarnir geta því ekki á neinum tíma staðið skil á skuldum sínum sé eftir þeim kallað. Af þeim sökum hlýtur þróað bankakerfi að kalla eftir Seðlabanka eða sambærilegri stofnun er hefur það hlutverk að veita lán til þrautavara þegar kerfisbundin lausafjárskortur skapast. Fyrir lítil, opin hagkerfi skiptir einnig miklu máli að tryggja öryggi í gjaldeyrisviðskiptum með viðhaldi gjaldeyrisforða og gjaldeyrisviðskiptum á reikning ríkisins. Síðar hefur yfirleitt fylgt áhersla af hálfu Seðlabankans á eitthvert þjóðhagslegt jafnvægi eða peningalegt akkeri, t.d. gullfót, fastgengi, verðbólgu- markmið o.s.frv.

### 5. Skulda- og fjárstýring

Fimmsta stigið í þróun bankaviðskipta er þegar bankarnir færa út kvíarnar frá hefðbundinni greiðsluþjónustu og yfir í fjölliða fjármálaþjónustu, svo sem öflugra eigna- og lausafjárstýringu fyrir aðila utan bankans. Ennfremur færa bankarnir sig frá hefðbundnum lánaviðskiptum fjármögnuðum með innlánnum

# BRÚNASTAÐABANKINN

Árið 1926 lést Jóhann P. Pétursson á Brúnastöðum í Skagafirði og var þar með bundinn endir á lánaviðskipti „Brúnastaðabankans“ svokallaðs sem Jóhann hafði rekið á jörð sinni um rúmlega hálfra aldar skeið. Jóhann kom upphaflega sem fátækur vinnumaður í Skagfjörð árið 1850 með tvo hesta, sat sjálfur á öðrum en aleiga hans var reidd á hinum. Jóhann var góður bóndi en megin uppspretta auðæva hans voru samt lánaviðskipti. Jóhann lánaði raunar allt á milli himins á himins jarðar – hvort sem um var að ræða sauða- tað, hey, korn, tóbak eða brennivín. En lang umfangsmest voru þó peningalán hans.

Jóhann lánaði ekki aðeins sveitungum sínum fé heldur einnig utanhéraðsmönnum, þeim sem voru í hæfilegri reiðlengd frá Brúnastöðum. En bændur og búalið voru ekki einu viðskiptavinir Jóhanns. Hann lánaði einnig kaupmönnum og embættismönnum í Skagafirði og var um talsverðar sumar að ræða á þeirra tíma mælikvarða. Jóhann lán- aði einnig töluverða fjármuni til stofnunar pöntunarfélags og verslunar og Sauðárkróki en tapaði þeim fjármunum öllum þegar fyrirtækið varð gjaldþrota. Alla jafna voru þó lánaviðskipti Jóhanns flest í fremur smáum lánum og til skamms tíma, til fólks sem þurfti að brúa bil á milli neyslu og tekna í búskapnum. Hann nýtti oft verslunarreikning sinn í verslununum á Sauðárkróki til þessa að millifæra fjármuni. Þá fékk fólk að taka út vörur á hans reikning í versluninni og borgaði síðan aftur til baka með því að leggja aftur afurðir sínar á reikning Jóhanns í sömu verslun.

Jóhann tók upphaflega 4% vexti af lánnum sínum fyrir aldamótin 1900 en hækkaði vexti sína upp í 5-6% eftir aldamótin. Á sama tíma hefði Jóhann getað fengið 4% innláns- vexti í Landsbankanum þannig að útlánavafstur hans skilaði um 1-1,5% premíu ofan á þá sem vexti sem hefðu átt að teljast fullkomlega öruggir og þætti fremur lágt áhættuálag á einstaklingslán hjá bankastofnunum í dag. Jóhann virðist reyndar oft hafa tekið veð í bústofni og jafnvel jarðapörtum þegar hann lánaði út en framlegð hans af lánaviðskiptum virðist samt hafa byggst á mjög góðum upplýsingum um þá sem hann lánaði til, enda var yfirleitt um héraðsmenn að ræða. Þá verður að hafa í huga að í gamla bændasamfélaginu var lítið á það sem hina mestu skömm að greiða ekki skuldir sínar og því komu vanskil sjaldan upp nema í ýrtruðu neyð. Loks skaðaði það ekki lánaviðskipti Jóhanns að hann varð einnig hreppstjóri í Lýtingstaðahreppi og hafði því góðar fjárhagslegar upplýsingar um sveitunga sína auk þess að þjóna sem hálfgerð lögregluvirkvald.



Brúnastaðabankinn var að mörgu leyti dæmigerður fyrir þá „óformlegu“ lánastarfsemi sem tók aðist á níjándu öld og raun langt frameftir þeirri tuttugustu. Slíkar heimabankar voru í hverri sveit og voru bankastjórnarnir mjög misþokkaðir af almenningi, þótt Jóhann hafi alla jafna fengið góð eftirmæli. Slíkir bankar réðu tiltölulega vel við þarfr gamla bændasamfélagsins sem snerist um skammtímaneyslulán – sem sést glögglega af þeim hagstaðu útlánávöxtum sem Brúnastaðabankinn bauð. Þannig virðist Jóhann ekki hafa stafað nein ógn af stofnun Landsbankans né Íslandsbanka eða sparisjóðanna (Jóhann var einn af stofnendum Sparisjóðs Sauðárkróks árið 1886). Brúnastaðabankinn virðist hafa haft hreina og klára yfirburði í lánaviðskiptum til sinna héraðsmanna svo lengi sem Jóhann lifði sökum þekkingar hans og stöðu í samfélaginu. Hins vegar gat hvorki Brúna- staðabankinn né aðrar slíkar óformlegar bankastofnanir komið í stað formlegrar banka- starfsemi þegar kom að nútímavæðingu atvinnulífs og stórvirkari framleiðsluháttum.

Það er af Jóhanni sjálfum að segja að hann naut ekki jafn mikillar gíftu í einkalífi og í viðskiptum. Hann missti fyrstu konu sína og börn, og sagt er að hann kvænst til fjár í annað skipti. Hann og seinni konan lifðu í 60 ár á Brúnastöðum í fremur „þurrlegum samskiptum“ að sögn sveitunga og voru barnslaus. Við dauða þeirra árið 1926 rann stærsti hlutinn af höfuðstóli Brúnastaðabankans í Sparisjóði Sauðárkróks með stofnun styrktarsjóða sem áttu að skila vaxtatekjum til ýmissa framfaramálefna í Skagafirði, s.s. að styðja við fátæk börn í Lýtingsstaðahreppi.



# VÍS BENDING

yfir í það að fjármagna útlán með heildsöluviðskiptum á fjármagni, svo sem í gegnum erlenda millibankamarkaði. Stigið hefst eftir að banka- viðskipti hafa verið gefin frjáls og bönkunum er frjálst að þróa fjölbæfa fjármálþjónustu og nýta sér samlegðarhæfir milli hinna ýmsu tegunda fjármagnsviðskipta. Samhliða þurfa bankarnir að fást við samkeppni frá öðrum tegundum fyrirtækja, svo sem tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og sérhæfðum fjármálafyrirtækjum sem sækja á sömu mið og berjast hatramlega um markaðshlutdeild. Í kjölfarið fylgir mjög hraður vöxtur útlána umfram hagvöxt.

## 6. Skuldaskjalavafningar

Þetta síðasta stig tekur við eftir að þeir vaxtamöguleikar sem kynntir voru til sögunnar í fimmta stigi hafa runnið sitt skeið og bankarnir þurfa jafnvel að fást við timburmenn vegna hraðrar úþpenslu, svo sem útlánatöp. Á sjötta stigi fjármagnsviðskipta – sem breskir bankar náðu á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar – er bönkunum nauðsynlegt að auka markaðshæfi eigna sinna með svokölluðum skuldaskjalavafningum (e. securitisation) þar sem lánnum er vafið í markaðshæf skuldabréf. Aðalávinnurinn felst í minni áhættu vegna seljanleika auk þess sem hægt er að flytja vaxtaáhættu af bönkum yfir á lífeyrissjóði sem eiga auðveldara með að bera hana. Í þessum nýja bankaheimi eru það reglur um eigið fé (CAD) sem eru notaðar til þess að hafa hemil á útlánnum þar sem lausafé er ekki lengur takmarkandi þáttur. Samhliða því aukast færslur utan efnahagsreiknings (off balance sheet activity), svo sem með afleiðum og ýmsum slíkum viðskiptum.

## ÞRÓUN ÍSLENSKRA BANKAVIÐSKIPTA

Íslensk bankaviðskipti hafa í stórum dráttum fylgt ofangreindu ferli og eru nú á fimmta stigi samkvæmt þessari flokkun. Ennfremur er með nokkuð einföldum hætti hægt að finna tímasetningar fyrir þá áfanga sem að ofan greinir. Á tveimur tímaseiðum hefur bankakerfið líklega haft leiðandi áhrif á hagkerfið. Fyrst eftir stofnun Íslandsbanka þegar stórtækur í bankaviðskiptum var innleiddur með fremur snöggu hætti. Gjaldþrot eða þjóðnýting Íslandsbanka 1929 hefur dregið langan dilk á eftir sér með því að festa fjármálaumgjörðina niður í rúmlega hálfu öld. Síðar, eða frá 1998, þegar íslensku bönkunum var loks gefinn laus taumurinn, hafa þeir í auknum mæli tekið að sér forystuhlutverk í íslensku viðskiptalífi.

### Þróunarstig 1 og 2 – Bankabyltingin 1904

Lánveitingar á milli manna hafa tíðkast á Íslandi allt frá upphafi landnáms, en einkum voru það efnadír bændur sem lánuðu út sparnað sinn hvort sem um var að ræða peninga, mat, eldivið, hey eða annað. Yfirleitt var einn eða fleiri „heimabankar“ í hverri sveit. Flest bendir raunar til þess að frumstætt fjármálakerfi og bið á myndun innlánsstofnana hafi tafið framþróun landsins um áratugi. Að einhverju leyti má rekja þessa töf til þess hve hagkerfið var fábrotið, auk þess sem reikningsverslun, bjöguð viðskiptakjör og frumstæð fjármálaumgjörð ollu viðvarandi skorti á opinberum gjaldmiðli hérlendis sem takmarkaði útlán heimabankanna (þar sem enginn peningamargfaldari var til staðar). Einnig má kenna hér um áhugaleysi Dana sem fannst engin brýn þörf á því að landsmenn fengju sínar eigin fjármálastofnanir, en voru geipilega tortryggir ef aðrar þjóðir hugðust hasla sér hér völl í bankaviðskiptum. Einnig virðast íslenskir ráðamenn heldur ekki hafa verið vakandi í þessum efnun, þar sem t.d. peningar landsjóðs og annarra sameiginlegra sjóða landsmanna voru lengi vel geymdir í dönskum ríkisskuldabréfum eða geymdir á vöxtum í Danaveldi. En umsjá með fjár-




málum ríkisins myndaði upphaf að bankaviðskiptum í mörgum nágrannalandanna.

Þrátt fyrir tilkomu Landsbankans árið 1886 og að sparisjóðir færu brátt að skjóta upp kollinum víða um landið (24 sparisjóðir voru starfandi um aldamótin 1900) virðist sem íslensk bankaviðskipti hafi verið föst á fyrsta stigi. Í raun og veru er ekki hægt að segja að neitt bankakerfi hafi verið til staðar í þeim skilningi að innstæður væru notaðar sem gjaldmiðill í viðskiptum. Til að mynda voru veltiinnlán (óúmatengdar bankainnstæður, svo sem tékkareikningar) aðeins um 29% af seðlum og mynt í umferð um 1904. Það þýðir að greiðsluþjónustan var að mjög litlu leyti í höndum innlánsstofnana og galdur nútíma-bankaviðskipta var ekki enn farinn að verka í íslensku hagkerfi. Innlánsstofnanir gegndu ekki því hlutverki sínu að breyta skammtímainnstæðum í langatímalán, breyta mörgum smáum innstæðum í stór lán og nýta sér stærðarhagkvæmni í fjárhagslegri milligöngu með upplýsingaöflun, eftirfylgni, áhættudreifingu í lánaviðskiptum og svo framvegis. Á þessu varð mikil breyting árið 1904 með tilkomu Íslandsbanka sem færði fjármálaviðskipti landsins á annað þróunarstig. Eigið fé og seðlaútgáfa Íslandsbanka var vitaskuld dágóð viðbót við íslenska fjármagnskerfið en mestu skiptir að með tilkomu hans verður til bankakerfi eða greiðslunet úr mörgum stökum stofnunum. Á næstu árum hófst ennfremur harðvítug samkeppni á lánamarkaði á milli Landsbankans og Íslandsbanka og mjög hraður efnahagslegar framfarir áttu sér stað. En fyrir þann tíma stóð Landsbankinn einn í Reykjavík með takmarkanir á útlánnum og verulega áhættufælni, en að öðru leyti var fjármálakerfið svæðisbundið með heimabönkum og sparisjóðum sem stóðu stakir, höfðu litla burði og tengdust lítt innbyrðis.

### Stig 3 og 4 – Fimmtú ára stöðnun

Margt hefur verið ritað um gjaldþrot Íslandsbanka og afleiðingar þess. Jóhannes Nordal (2002) telur að það hafi verið mistök að afhenda einum viðskiptabanka – Íslandsbanka – seðlaútgáfurétt árið 1904 og síðan afhenda öðrum viðskiptabanka í ríkiseigu – Landsbankanum – seðlaútgáfuna nokkru seinna. Það hafi boðið upp á misnotkun – að þessir tveir viðskiptabankar prentuðu of mikið af peningum til þess að fjármagna útlán til að ná markaðshlutdeild á kostnað hvor annars. Ennfremur var komið í veg fyrir að nýjar bankastofnanir kæmst á legg hérlendis. Þetta vekur upp spurningar um hvort bankabyltingin 1904 með stofnun Íslandsbanka hafi verið of dýru verði keypt. Eftir að Íslandsbanki var tekinn til gjaldþrotaskipta árið 1930 og Útvegsbankinn stofnaður á rústum hans, var lagður grunnur að bankakerfi með þremur stórum viðskiptabönkum í ríkiseigu. Síðar bættust við smærri bankar á vegum einstakra atvinnugreina sem voru fremur smárir og vanmáttugir og bundnir við hagsmuni þeirrar greinar sem þeim var ætlað að þjóna. Í þessu nýja kerfi lögðust allar framfarir niður í íslenskum fjármagnsviðskiptum. Bankarnir urðu fyrst og fremst tæki stjórnvalda og Landsbankinn gaf nær engan gaum að því hlutverki sínu að vera Seðlabanki. Það var ekki fyrr en 30 árum eftir fall Íslandsbanka að sjálfstæður seðlabanki var stofnaður hérlendis, árið 1960, og 50 ár liðu þangað til visir að millibankamarkaði varð til árið 1980. Raunar komust nútímaleg millibankaviðskipti ekki á hérlendis fyrr en eftir umbætur árið 1998 sem voru leiddar af Seðlabanka Íslands.

Eftir 1930 fetaði íslenska hagkerfið æ lengra á braut hafta og ríkisafskipta, sem kunnugt er. Höftin – hámarksvextir – gerðu bönkunum mjög erfitt fyrir að sinna miðlunarhlutverki sínu þegar verðbólgan tók spretti, sérstaklega eftir 1970. Þetta átti t.d. við á haftárunum 1930–1960 þegar enginn raunverulegur Seðlabanki né gjaldeyrisvarasjóður var til staðar og greiðsluerfiðleikar á gjaldeyrimarkaði hérlendis kölluðu sífellt eftir nýjum höftum. Þetta á líka við um skort



á millibankaviðskiptum sem líklega hafa komið í veg fyrir myndun virkra eignamarkaða hérlendis og sérhæfðra fjármálafyrirtækja þar til á níunda áratug tuttugustu aldar. Flest bendir til þess að höftin hefðu ekki orðið jafnvíðtæk, langvinn eða kostnaðarsöm fyrir efnahagslífið ef stofnanaumgjörð fjármálalífsins hefði verið betur byggð.

### Stig 5 og 6 – Ný bankabylting

Atburðarás síðustu 5–7 ára á bankamarkaði – eftir að frelsi var fengið í fjármagnsviðskiptum – ætti að vera flestum í fersku minni og því óþarfi að fjölýrða mikið hana í smáatriðum. Íslensk fjármagnsviðskipti komust á fimmta þróunarstig eftir 1998 og það með mjög kröftugum vexti. Bankakerfið var fyrir þann tíma í mjög þröngri hnappheldu vegna mjög víðtækra hafta og frumstæðs hugsunarháttar, og af þeim sökum er eðlilegt að fjármagnsviðskiptin hafi tekið á rás í kjölfarið. Þá verður einnig að hafa í huga að sparnaður hérlendis er af mjög skorum skammti en eftirspurn mikil eftir fjármagni og af þeim sökum skipti miklu máli fyrir atvinnulífið að fá aðgang að útlendum sparnaði með erlendum endurlánnum á vegum bankakerfisins. En eins og staðan er nú er um helmingur af öllum útlánnum bankakerfisins fjármagnaður með erlendu lánsfé. Á sama tíma hefur ýmis fjármálaþjónusta vaxið með miklum hraða hérlendis, hvort sem um er að

ræða eigna-, skulda- eða fjárstýringu. Loks má benda á þá hörðu samkeppni sem ríkir nú í lánaviðskiptum, hvort sem er á milli bankanna sjálfra eða samkeppni við ýmsar aðrar stofnanir, svo sem lífeyrissjóði, íbúðalánasjóð og svo framvegis.

Líklega er þess ekki langt að bíða að sjötta stig taki við í bankaviðskiptum. Í fyrsta lagi bendir flest til þess að skuldaskjalavafningar hefjist innan eins til tveggja ára þegar bankarnir munu þakka nýju húsnæðislánunum saman í skuldabréfaútgáfur og selja á markaði til þess að auka seljanleika í eignasafni sínu. Af flestum kennileitum að dæma er einnig stutt þar til íslenskur lánamarkaður verður fullmett-aður ef ekki yfirmettaður. Aukinheldur mun hröð útlánaaukning á síðustu árum skila sér í einhverjum útlánatöpum um leið og kreppa tekur við í efnahagslífinu eftir tveggja til þriggja ára tímabil. Á sama tíma er líklegt að hækkanir á eignamörkuðum hérlendis muni ekki lengur skapa jafnhraða eiginfjármyndun innan bankanna og verið hefur. Í kjölfarið er líklegt að afleiðuviðskipti og önnur fjármagnsviðskipti utan efnahagsreiknings færast í vöxt sem leið til þess að þurfa ekki að binda eigið fé og er einnig líklegt að nýjar BIS reglur (BIS II) muni færa reikninganna enn frekar í átt til markaðsverðs. Afleiðuviðskipti, t.d. með hlutabréf, hófust að einhverju marki 1999–2000 en hafa ekki vaxið að miklu marki á síðustu árum. Allt er þetta í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum löndum þar sem bankar hafa gengið í gegnum sömu þróun og íslenskir bankar hafa fylgt fram til þessa.

## NÚTÍMABANKAKERFI

Flest bendir því til þess að innan eins til þriggja ára verði íslenskt bankakerfi komið á sama þróunarstig og þekkist erlendis. Það felur vitaskuld ekki í sér að íslenskur fjármagnsmarkaður muni staðna. Þvert á móti. Hins vegar verður þá ómögulegt að sjá fyrir um þróunina hérlendis með hliðsjón af því sem gerst hefur erlendis vegna þess að íslensk fjármagnsviðskipti verða á sama báti og þekkist erlendis. Ljóst er að allir bankarnir þrír hafa undirbúið sig undir markaðssókn erlendis, að vísu með mismiklum áþreifanlegum árangri, enn sem komið er. Fáar eða engar erlendar fyrirmyndir eru fyrir slíkri bankaútrás á landsvísu en að öllum líkindum mun þessi erlenda sókn hafa töluverð áhrif á fjármagnsviðskipti á heimamarkaði. Hér er ekki rúm fyrir getgátur í því efni. Sú hugsun hlýtur þó að kitla marga að í framtíðinni gætu íslenskar fjármagnsstofnanir hæglega gengið í fararbroddi í bankaviðskiptum í stað þess að haltra á eftir með margra áratuga töf eins og raunin var á tuttugustu öld. Hins vegar er ekki hægt að líta framhjá því – með tilliti til sögunnar – hve stórt hlutverk mistök í bankarekstri hafa leikið í þróun fjármálaviðskipta hérlendis og oft tafið fyrir framþróun. Ástæðan er líklega einkum sú að vegna þess hve þjóðin er smá og stofnanir landsins fáar stærri þjóðum. Af þeim sökum geta framfarir orðið mun hraðari hérlendis en erlendis – svo sem þegar Íslandsbanki var stofnaður árið 1904 og færði íslensk fjármagnsviðskipti upp um eitt stig – og jafnframt er ljóst að einstök mistök skipta hér meira máli – svo sem þegar Íslandsbanki varð gjaldþrota og tafið framfarir í bankaviðskiptum um áratugi. ■

**Heimildir:**  
Benjamin H.J. Eiríksson (1938) “Orsakir erfiðleikanna í atvinnu- og gjaldeyrimálanum”  
Dow, Sheila, C. (1999). “The stage of Banking Development and the Spatial evolution of Banking” birt í greinarsafninu: Money and the Space Economy, ritstjóri Ron Martin.  
Chick, V (1986) The Evolution of the Banking System and the Theory of Saving, Investment and Interest”, birt í Economics et Societies, 20, Monnaie et Production, 3, 193-295.  
Hannes Pétursson (1987) “Sveitarstólpi” Heimildahættir III.  
Howell, P og Bain, K. (2002) “The Economics of Money, Banking and Finance”  
Jóhannes Nordal (2002) “Mótun peningakerfisins fyrir og eftir 1930” Birt í greinarsafninu: Frá kröppu til viðreisnar, ritstjóri Jónas Haralz.  
Tobin, James (1998) “Money Credit and Capital”